

# Snepill

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins  
Ábyrgð: Arnheiður Gígja Guðmundsdóttir

## Fréttir af náms- og starfsráðgjöf

No. 5/2016  
Desember

### Fræðsluferð náms- og starfsráðgjafa til Finnlands



Dagana 26. – 30. september stóð Fræðslumiðstöð atvinnulífsins fyrir fræðslu og kynnisferð til OAKK símenntunarmiðstöðvar í Oulu í Finnlandi en 14 náms- og starfsráðgjafar frá FA og símenntunarmiðstöðvum um land allt tóku þátt. Ferðin var styrkt af Erasmus+ KA1 áætlun Evrópusambandsins og ber verkefnið heitið „Þróun náms- og starfsráðgjafar fyrir atvinnulífið“. OAKK er símenntunarmiðstöð sem starfar á svipaðan hátt og símenntunarmiðstöðvar hér á landi. Hún sinnir meðal annars ráðgjöf við fullorðna og hefur sérhæft sig í að veita ráðgjöf og fræðslu til stjórnenda, millistjórnenda og mannauðsstjóra, sem og starfsmanna til að efla og hvetja til starfsþróunar. Markmið verkefnisins var að læra um aðferðir hjá OAKK varðandi náms- og starfsráðgjöf fyrir vinnustaði.

Dagskrá heimsóknarinnar var afar vel skipulögð af hendi móttökuaðila. Hópurinn fékk kynningu á starfsemi OAKK og verkefnum tengdum ráðgjöf, þá sérstaklega „TOKI project“, sem gekk út á að efla ráðgjöf á vinnustöðum. Námskeið var sett upp fyrir hópinn þar sem unnið var með fjölbreyttar aðferðir sem nýttar eru á námskeiðum fyrir stjórnendur á vinnustöðum og fyrrverandi nemandi sagði frá reynslu sinni af verkefninu. Einnig kynnti mannauðsráðgjafi frá Nokia verkefni sem unnið var í samstarfi við OAKK um ráðgjöf við starfsmenn sem voru í uppsagnarferli hjá fyrirtækinu. Íslenski ráðgjafahópurinn heimsótti einnig Vinnumiðlun í Oulu og ráðgjafasetur fyrir ungt fólk, Byström Youth Services, þar sem áhersla er á forvarnir og veitt fjölbreytt þjónusta.



Ferðin til Oulu var afar lærdómsrík og í alla staði vel heppnuð. Þátttakendur hafa unnið að því að kynna efnið, hver á sínu svæði og haldið verður áfram með kynningu og úrvinnslu á fundum ráðgjafanetsins á næsta ári.

Ráðgjafar hjá OAKK voru samstarfsaðilar FA í Erasmus+ verkefninu *Ráðgjöf í atvinnulífinu* (Worklife guidance) sem lauk nú í haust, sjá grein í [Gátt](#).



### Áhugahvetjandi samtal – námskeið

Þann 6. september var haldið örnámskeið um *áhugahvetjandi samtal* fyrir náms- og starfsráðgjafa, þar sem kynnt var hugmyndafræði aðferðarinnar og þátttakendur gerðu æfingar (sjá: <http://www.ahugahvot.net/>). Námskeiðið var liður í færniþróun ráðgjafa í tengslum við GOAL verkefnið <http://projectgoal.eu/> og framhaldsnámskeið verður haldið dagana 12. og 19. janúar ef næg þátttaka fæst.

### Ráðgjafafundur 17. febrúar 2017

Næsti ráðgjafafundur verður haldinn 17. febrúar.  
Nánari dagskrá verður send út síðar.